



Um fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2018

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

Reykjavík 15.10.17

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórnna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn. Stígamót bjóða upp á viðtalsþjónustu og netspjall sem hefur einkum nýst fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Á sl. ári leituðu 654 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 372 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 2249. Aðstandendur brotaþola voru 61.

Að auki fer fram hjá Stígamótum umfangsmikið starf í sjálfshjálparhópum fyrir bæði konur og karla auk fræðslu og annarra verkefna. Öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Stígamót hafa í mismiklu mæli boðið upp á þjónustu við fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur. Síðastliðið ár flaug ráðgjafi frá Stígamótum austur á land hálfsmánaðarlega og komust færri að en vildu. Þjónusta var líka veitt á Ísafirði, í Borgarnesi og á Akranesi. Á þessum svæðum greiddu sveitarfélögin ferðakostnað.

Starfsemin hefur verið aukin og bætt á undanförnum árum. Vitað var að karlar nýttu ekki þjónustuna sem skyldi. Bætt var úr því með ráðningu karls og hefur það skilað sér vitundaryakningu og aukinir aðsókn. Jafnframt veitum við ráðgjöf í gegnum netið sem nýtist fólkí utan höfuðborgarsvæðisins vel.

Gert hefur verið gæðamat á þjónustunni þar sem mældir voru þættir eins og sjálfvirðing, þunglyndi, streita og kvíði hjá okkar fólkí áður en viðtöl hófust og eftir a.m.k. fjögur ráðgjafarviðtöl. Í ljós kom marktæk bót á öllum þáttum, sem ætti að vera fólkí hvatning til þess að leita sér hjálpar.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Enn einu sinni skorum við á sveitarstjórnarfólk að forgangraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemnd og virðingu
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir
talskona Stígamóta